

**48. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps**  
**haldinn Aðalstræti 63, Patreksfirði, 27. mars 2017 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Ásgeir Sveinsson (ÁSV) aðalmaður, Friðbjörg Matthíasdóttir (FM) aðalmaður, Nanna Á. Jónsdóttir (NÁJ) varamaður, Indriði Indriðason (II) aðalmaður og Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður.

**Fundargerð ritaði:** Friðbjörg Matthíasdóttir,

**Dagskrá:**

**1. Samstarfssamningur um almenningssamgöngur - 1609032**

*Gerður B. Sveinsdóttir, verkefnastjóri samfélagsuppbryggingar kom inn á fundinn og upplýsti um stöðu mála í tengslum við verkefni um almenningssamgöngur. Samráðsnefnd felur Gerði að vinna áfram að málinu.*

**2. Minjasafnið á Hnjóti - 1703043**

*Inga Hlín Valdimarsdóttir var í síma undir þessum dagskrálið.  
Ársreikningur Minjasafns Egils Ólafssonar 2015 tekinn fyrir og undirritaður til staðfestingar af fundarmönnum.  
Fjárhagsáætlun ársins 2017 lögð fram til staðfestingar, áætlunin staðfest.  
Starfsáætlun safnsins fyrir árin 2016 og 2017 lögð fram til kynningar.  
Lögð fram staða og áætlun um skráningu á safnkosti, dags. í febrúar 2017.*

**3. HHF - framlag vegna samstarfsverkefnis. - 1701029**

*Páll Vilhjálmsson, íþróttafulltrúi, formaður HHF, Lilja Sigurðardóttir, ásamt gjaldkera HHF, Kristrún Guðjónsdóttir mættu til fundar og viðræðu um framlag vegna samstarfsverkefnis HHF, Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps um rekstur íþróttaskóla fyrir 1-4. bekk og skipulagningu og stefnumótun í íþróttamálum á svæðinu.*

*Lögð fram tillaga HHF vegna endurskoðaðrar áætlunar um rekstarkostnað ársins 2017, skv. niðurstöðu 47. fundar og ósk um endurskoðað viðbótarframlag sveitarfélaganna inni í reksturinn til að mæta auknum kostnaði við verkefnið. Fram kom að 55 nemendur taka þátt í íþróttaskólanum sem er kenndur á Patreksfirði, Bildudal og Tálknafirði og er í boði fyrir nemendur í 1.-4. bekk, á hverjum virkum degi eftir að skóla lýkur.*

*Samstarfssamningur HHF, Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps gildir til 30. maí 2018. Samráðsnefnd leggur til við HHF að verkefnið verði metið með tilliti til reynslu fyrstu 2ja áranna. Áfram verði unnið að leiðum til að ná fram frekari rekstrarhagræðingu. Ákveðið að fara yfir stöðuna um miðjan maí.*


**4. Önnur mál - 1609051**

Umræða um önnur sameiginleg mál.


Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.18:54 .

  
Asgeir Sveinsson (ÁSV)

  
Friðbjörg Matthíasdóttir (FM)

  
Nanna Á. Jónsdóttir (NÁJ)

  
Indriði Indriðason (II)

  
Eva Dögg Jóhannesdóttir